

Fimmtudaginn 27. júní 1991.

Nr. 258/1991. **Elsa Lára Sigurðardóttir**
 gegn
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Gagnaöflun. Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar með kæru 27. maí 1991 úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl s.á., en henni var birtur úrskurðurinn 14. maí s.á. Er ekki fram komið, að henni hafi verið fyrir kunnugt um niðurstöðu úrskurðarins. Ályktun bæjarþingsins er eftirfarandi: „Skýrslutaka aðila og vitna verður ekki leyfð.”

Sóknaraðili krefst þess, að leyfð verði skýrslutaka af aðilum og vitnum í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Mál þetta er höfðað samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði á grundvelli skuldabréfs. Sóknaraðili, sem er ein af þrem stefndu í héraði, tók á sig sjálfsskuldarábyrgð að kröfu samkvæmt skuldabréfi þessu. Samkvæmt greinargerð í héraði eru varnir hennar þessar:

„Skuldabréf það, sem hér um ræðir, er alls ekki í lögmætu formi, þar sem nafnritun annars ábyrgðaraðilans er falsað og aðeins einn vottur er á skuldabréfinu. Mál þetta verður því ekki rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Sýknukrafa umbj. m. er á því byggð m.a., að forsenda fyrir sjálfsskuldarábyrgð hennar sé brostin skv. framansögðu.”

Varnaraðili mótmælir því, að varnir sóknaraðila komist að í málinu, þar sem það sé rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Röksemdir héraðsdómara fyrir niðurstöðu sinni eru þessar:

„Stefndi hefur ekki í greinargerð fært fram varnir, sem mega komast að í máli þessu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936.

Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi í greinargerð fallist á, að slíkar varnir komist að, en því hefur sérstaklega verið haldið fram af hálfu stefnda.“

Sóknaraðili heldur því ekki fram, að nafnritun sín sé fölsuð. Fallast ber því á það með héraðsdómara, að sóknaraðili hafi ekki haft uppi varnarástæður, sem að komist í máli samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Eru því ekki efni til, að umbeðin gagnaöflun fari fram. Hinn kærði úrskurður á því að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.
